

## Hverfisráðsfundur Reykjahverfi 17.10.2017

Boðað var til fundar í Krummaholti þetta kvöld kl 20.00.

Fundinn sátu María Svanþrúður Jónsdóttir, Atli Jespersen, Hilmar Kári Þráinsson og Aðalheiður Þorgrímsdóttir.

1. Hverfisráð skiptir svo með sér verkum: Formaður ráðs; María Svanþrúður, Ritari; Atli Jespersen, Meðstjórnandi; Hilmar Kári. Varamenn eru Rúnar Óskarsson og Aðalheiður Þorgrímsdóttir.
2. Lagt er til að halda íbúafund í Heiðarbæ þriðjudaginn 14.11.2017 kl 20:30 og fara þar yfir áherslur íbúa í forgangsmálum samfélagsins. Það er jú gert með fyrirvara um að m.a.aðrir hverfisfundir séu ekki samdægurs  
Óskar hverfisráð eftir því að á þann fund mæti:  
Stjórnarformaður Orkuveitunnar  
Byggingafulltrúi  
Fulltrúar sveitarstjórnar.

Efni sem verða ígrunduð sérlega eru:

- Hitaveitumál; með tilliti til að fá svör um hvenær megi ætla að framkvæmdir hefjist við lagningu nýrrar hitaveitu.
- Heimreiðar; Umræða um ástand heimreiða og hvað þurfi að gera til úrbóta.
- Umferðaröryggi; m.a. hraðatakmarkanir við Reykjatorfuna, útskot við blindhæðir þar sem ferðamenn stansa gjarnan og valda hættu og bílastæðismál við Heiðarbæ.

Hlustað verði á þau atriði sem koma fram á fundinum.

3. Rætt var einnig á fundinum um stöðu mála er varða fjölgun barna í sveitinni með tilliti til m.a. skólamála.
4. Rætt var um áform hverfisráðs að efla tengslanetið við íbúa, þ.e. safna upplýsingum um heimilisföng, netföng eða annað sambærilegt svo hægt sé að vera í góðu sambandi við íbúa.
5. Ýmislegt fleira rætt svo sem deiliskipulag, vannýttar lóðir í Hrisateigi.

Fundi slitið kl 22.00.

Atli Jesp.

María Svanþrúður  
AÐALHEIÐUR ÞORGRÍMSDÓTTIR.

Hilmar Kári Þráinsson